



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 4. maí 2017

Niðurstaða athugunar á framkvæmd áhættustýringar og störfum stjórnar Borgunar hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á starfsemi Borgunar hf. með bréfi dagsettu hinn 27. maí 2016. Athugunin beindist að framkvæmd áhættustýringar skv. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) og því hvernig stjórn sinnir hlutverki sínu þar að lútandi, sbr. 54. gr. a laganna. Einnig beindist athugunin að tilteknum atriðum er varða störf stjórnar Borgunar skv. 54. gr. fttl.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í apríl 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma þegar athugunin hófst.

Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins varðandi framkvæmd áhættustýringar, sbr. 17. gr. fttl.

- Gerð var athugasemd við að skipulag áhættustýringar Borgunar væri ekki nægjanlega skýrt og gagnsætt og því ekki í fullu samræmi við 17. gr. fttl., þ.m.t. vöktun á áhættu, sem á að vera á ábyrgð stjórnenda og starfsmanna einstakra eininga Borgunar (svokölluð fyrsta varnarlína samkvæmt þriggja þrepa eftirlitslíkani) og eftirlit með því hvernig áhættustýringu er sinnt, sem á að vera á ábyrgð áhættustýringarsviðs Borgunar (svokölluð önnur varnarlína) en það samanstendur af einum starfsmanni. Samkvæmt stefnu Borgunar um áhættustýringu og innra eftirlit, áhættustefnu félagsins og öðrum gögnum, virðist sem efnahagsnefnd og rekstraráhættunefnd sinni verkefnum er varða áhættustýringu og ættu að vera á forræði áhættustjóra eða stjórnar Borgunar. Umræddar nefndir eru m.a. skipaðar forstöðumönnum tekjusviða Borgunar auk forstjóra,
- Einnig voru gerðar athugasemdir við að lögboðnir verkferlar varðandi áhættustýringu væru ekki til staðar hjá Borgun og að skýrslugjöf áhættustýringar til stjórnar Borgunar hafi ekki verið í samræmi við stefnu félagsins um áhættustýringu og innra eftirlit.

Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins varðandi hlutverk stjórnar vegna áhættustýringar, sbr. 54. gr. a fttl.

- Gerð var athugasemd við að stjórn Borgunar verði ekki nægilega miklum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins og aflaði ekki viðeigandi upplýsinga úr rekstrinum í þeim tilgangi að taka afstöðu til áhættuþátta í starfseminni, sbr. 2. mgr. 54. gr. a fttl. Með hliðsjón af því hversu stóru hlutverki alþjóðasvið gegnir í tekjuöflun Borgunar og hversu stórt hlutfall af heildarveltu alþjóðasviðs er tilkomið vegna færsluhirðingar fyrir starfsemi sem telst áhættusöm, þá er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að stjórn hafi borið að taka til sérstakrar umræðu og ályktunar þá áhættuþætti sem fólgnir eru í starfsemi alþjóðasviðs. Af fundargerðum stjórnar fyrir tímabilið janúar 2014 til mars 2016 verður ekki ráðið að það hafi verið gert. Þá gerir Fjármálaeftirlitið athugasemd



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

við að stjórn Borgunar hafi látið það óátalið að skýrslugjöf til hennar um áhættustýringu var ekki í samræmi við stefnu Borgunar.

- Gerð var athugasemd við að stjórn Borgunar hafi ekki sinnt með fullnægjandi hætti þeim lögboðnu skyldum sem á henni hvíla varðandi framkvæmd áhættustýringar samkvæmt 1. mgr. 54. gr. a ffl. Fundargerðir stjórnar bera ekki með sér að stjórnin hafi tekið til umræðu hvernig bregðast ætti við þeim auknu kröfum um framkvæmd áhættustýringar og hlutverki stjórnar þar að lútandi, sem lögfestar voru með lögum nr. 57/2015 og tóku gildi um mitt árið 2015. Þá virðast málefni varðandi framkvæmd áhættustýringar almennt ekki hafa verið til umræðu á fundum stjórnar miðað við fundargerðir hennar frá janúar 2014 til mars 2016. Stjórn virðist ekki hafa rætt aðkomu efnahagsnefndar og rekstraráhættunefndar að verkefnum er varða áhættustýringu félagsins. Jafnframt hefur stjórn ekki séð til þess að til staðar séu fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar varðandi áhættustýringu.

Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins varðandi tiltekin atriði er varða störf stjórnar, sbr. 54. gr. ffl.

- Gerð var athugasemd við að stjórn hafi í tvígang á árinu 2015 látið hjá líða að senda Fjármálaeftirlitinu uppfærðar starfsreglur.
- Gerð var athugasemd við að í fundargerðum stjórnar á tímabilinu 19. febrúar 2015 til 15. mars 2016 voru ekki í öllum tilfellum tilgreind með skýrum hætti þau málefni sem voru til umræðu og hvaða ákvarðanir voru teknar.
- Athugasemd var gerð við að stjórn hafi ekki látið færa til bókar allar athugasemdir innri endurskoðanda í úttektum hans á árunum 2014 og 2015 sem sem hann mat mikilvægar, sbr. einnig 3. mgr. 16. gr. ffl.
- Þá voru gerðar athugasemdir við að stjórn Borgunar sinnir hvorki því hlutverki sínu að sjá til þess að verklag alþjóðasviðs sé skjalfest með fullnægjandi hætti né hefur stjórn eftirlit með því að á alþjóðasviði sé unnið samkvæmt skjalfestu verklagi. Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að verulega skortir á að verklag alþjóðasviðs sé uppfært reglulega og að starfsmenn sviðsins vinni í samræmi við verklag og stefnur sem alþjóðasvið hefur sett sér.
- Ennfremur var gerð athugasemd við að stjórn Borgunar hefur ekki sett félaginu stefnu sem greinir hagsmunaárekstra.

Fjármálaeftirlitið krafðist viðeigandi úrbóta og að Borgun skilaði aðgerðaráætlun til Fjármálaeftirlitsins þar sem sýnt væri hvernig félagið og stjórn þess hygðist bregðast við athugasemdum og úrbótakröfum og hvernig tryggð yrði fullnægjandi framfylgd við ákvæði 17. gr. og 54. gr. a og 54. gr. ffl. Fjármálaeftirlitið veitti Borgun einn mánuð frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn fullnægjandi aðgerðaráætlun. Fjármálaeftirlitið mun óska eftir því við innri endurskoðanda Borgunar að hann hafi eftirlit með því að aðgerðaráætluninni sé framfylgt.